

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2004/57/EB

frá 23. apríl 2004

um auðkenningu flugeldavöru og tiltekinna skotfæra að því er varðar tilskipun ráðsins 93/15/EBE um samhæfingu ákvæða um markaðssetningu og eftirlit með sprengiefnum til almennra nota

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/15/EBE frá 5 apríl 1993 um samhæfingu ákvæða um markaðssetningu og eftirlit með sprengiefnum til almennra nota <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun 93/15/EBE gildir um sprengiefni og hluti sem litið er á sem slíka í tilmælum Sameinuðu þjóðanna um flutninga á hættulegum farni og sem falla undir 1. flokk þessara tilmæla. Þó er skýrt tekið fram að flugeldavörur séu undanskildar gildissviði þeirrar tilskipunar.
- 2) Af þessum sökum, til að tryggja samræmda beitingu tilskipunar 93/15/EBE alls staðar í Bandalaginu, er nauðsynlegt að skilgreina, með hliðsjón af viðeigandi tilmælum Sameinuðu þjóðanna, hluti sem skulu teljast vera flugeldavörur.
- 3) Sumir hlutir sem falla undir 1. flokk tilmæla Sameinuðu þjóðanna gegna tvenns konar hlutverki þar sem nota má þá annaðhvort sem sprengiefni eða sem flugeldavörur. Því skal gera ráðstafanir í skyni samræmingar á beitingu tilskipunar 93/15/EBE, til auðkenningar á þessum hlutum og ríkjandi einkennum þeirra, þ.e. hvort þeir teljast sprengiefni eða flugeldavörur.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 13. gr. tilskipunar 93/15/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í I. viðauka við þessa tilskipun eru þeir hlutir skráðir, að því er varðar framkvæmd annars, og að hluta til, þriðja undirliðar 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/15/EBE, sem í viðeigandi tilmælum Sameinuðu þjóðanna eru taldir vera flugeldavörur eða skotfæri.

*2. gr.*

Í II. viðauka við þessa tilskipun eru þeir hlutir skráðir sem krafist er ákvörðunar um hvort þeir teljast flugeldavörur eða sprengiefni til að framkvæma annan undirlið 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/15/EBE.

*3. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2004. Þau skulu þegar í stað tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar texta ákvæðanna og samsvörunartöflu milli þessara ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 31. janúar 2005.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

*4. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*5. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. apríl 2004.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Erkki LIKANEN

*framkvæmdastjóri.*<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 121, 15.5.1993, bls. 20.

## I. VIÐAUKI

## Hlutir sem taldir eru vera flugeldavörur eða skotfæri í viðeigandi tilmælum Sameinuðu þjóðanna

S.þ. nr.	HEITI og LÝSING	FLOKKUR/ DEILD	ORÐALISTI (skal aðeins notast sem leiðarvísir til upplýsingar)
<b>G-flokkur</b>			
0009	Íkveikjuskotfæri, með eða án sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu.	1.2 G	<p><b>Skotfæri</b></p> <p>Almennt heiti sem tengist aðallega hlutum sem notaðir eru í hernaði og samanstanda af hvers konar sprengjum, handsprengjum, eldflaugum, jarðsprengjum, skeytum og öðrum áþekktum búnaði.</p> <p><b>Íkveikjuskotfæri</b></p> <p>Skotfæri sem innihalda íkveikjuefni. Nema þegar samsetningin er í sjálfu sér sprengiefni, innihalda skotfærin einnig eitt eða fleira af eftirfarandi: drifhleðslu með hvellhettu og kveikihleðslu, kveikibúnað með sundrara eða kasthleðslu.</p>
0010	Íkveikjuskotfæri, með eða án sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu.	1.3 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0009
0015	Skotfæri, reyk-, með eða án sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu.	1.2 G	<p><b>Skotfæri, reyk-</b></p> <p>Skotfæri sem innihalda reykmyndandi efni. Nema þegar efnið er í sjálfu sér sprengiefni, innihalda skotfærin einnig eitt eða fleira af eftirfarandi: drifhleðslu með hvellhettu og kveikihleðslu, kveikibúnað með sundrara eða kasthleðslu.</p>
0016	Skotfæri, reyk-, með eða án sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu.	1.3 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0015
0018	Táraframkallandi skotfæri með sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu	1.2 G	<p>Táraframkallandi skotfæri með sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu.</p> <p>Skotfæri sem innihalda táraframkallandi efni. Þau innihalda einnig eitt eða fleira eftirfarandi: skoteldaefni, drifhleðslu með hvellhettu og kveikihleðslu, kveikibúnað með sundrara eða kasthleðslu.</p>
0019	Táraframkallandi skotfæri með sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu	1.3 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0018
0039	Sprengjur, myndatökublossa-	1.2 G	<p><b>Sprengjur</b></p> <p>Sprengifimir hlutir sem varpað er úr flugvél. Þeir geta innihaldið eldfiman vökva með sundrunarhleðslu, samsetningu fyrir myndatökublossa eða sundrunarhleðslu. Hugtakið tekur til: sprengna, myndatökublossa-.</p>
0049	Skothylki, blossa-	1.1 G	<p><b>Skothylki, blossa-</b></p> <p>Hlutir sem samanstanda af hylki, hvellhettu og blossapúðri, samsettir í eitt stykki sem reiðubúið er til skots.</p>
0050	Skothylki, blossa-	1.3 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0049

S.þ. nr.	HEITI og LÝSING	FLOKKUR/ DEILD	ORÐALISTI (skal aðeins notast sem leiðarvisir til upplýsingar)
0054	Merkjaskothylki	1.3 G	<b>Merkjaskothylki</b> Hlutir hannaðir til að skjóta litblysum eða öðrum merkjum úr merkjablyssum, o.s.frv.
0066	Kveikiþráður	1.4 G	<b>Kveikiþráður</b> Hlutur sem samanstendur af tauþræði sem hefur verið húðaður með svörtu púðri, eða öðru slíku skoteldaefni sem brennur hratt, og sveigjanlegri hlífðarkápu, eða hlutur sem samanstendur af kjarna úr svörtu púðri sem er umlukinn sveigjanlegu ofnu efni. Þráðurinn brennur með framrás eftir lengd sinni með utanáloga og er notaður til að senda kveikingu frá búnaði yfir í hleðslu.
0092	Blys, yfirborðs-	1.3 G	<b>Blys</b> Hlutir sem innihalda skoteldaefni og eru hannaðir til að lýsa, auðkenna, gefa merki eða vara við.
0093	Blys, loft-	1.3 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0092
0101	Kveikiþráður, ekki sprengifimur	1.3 G	<b>Kveikiþráður/kveikibúnaður (enska: Fuse/Fuze)</b> Þó að orðin séu skyld (franska: fusée, fusil) og séu stundum talin vera mismunandi stafsetning á sama orði er gagnlegt að viðhalda þeirri njuvu að kveikiþráður (fuse) vísi til kveikibúnaðar (fuze) sem svipar til þráðar af einhverju tagi en kveikibúnaður til búnaðar í skotfærum sem getur verið ýmist vélbúnaður, rafbúnaður, efnasamband eða vökvabúnaður og kemur af stað tundurslöd með sprengibruna eða sprengingu. <b>Kveikiþráður, tafarlaus, ekki sprengifimur</b> Hlutur sem samanstendur af bómullarþræði sem hefur verið mettaður með fínu svörtu púði (quickmatch). Brennur með utanáloga og er notaður í kveikislöðum fyrir flugelda o.s.frv.
0103	Kveikirör, málmklætt	1.4 G	<b>Kveikirör, málmklætt</b> Hlutur sem samanstendur af málmröri og kjarna fylltum sprengibrunaefni.
0171	Skotfæri, lýsandi, með eða án sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu.	1.2 G	<b>Skotfæri, lýsandi, með eða án sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu.</b> Skotfæri sem hönnuð eru til að gefa frá sér sterkt, stakt ljós til að lýsa upp svæði. Hugtakið tekur til lýsandi skothylkja, handsprengna og skeyta auk lýsandi sprengna og sprengna til að auðkenna skotmörk.
0191	Merkjablys, hand-	1.4 G	Hlutir hannaðir til að gefa merki.
0192	Hvellmerki fyrir jámbrautir	1.1 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 00191
0194	Merki, neyðar-, fyrir skip	1.1 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 00191

S.þ. nr.,	HEITI og LÝSING	FLOKKUR/ DEILD	ORDALISTI (skal aðeins notast sem leiðarvísir til upplýsingar)
0195	Merki, neyðar-, fyrir skip	1.3 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0191
0196	Merki, reyk-	1.1 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0191
0197	Merki, reyk-	1.4 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0191
0212	Ljósspor fyrir skotfæri	1.3 G	<b>Ljósspor fyrir skotfæri</b> Innsiglaðir hlutir sem innihalda skoteldaefni, hannaðir til að sýna feril skeytis.
0254	Skotfæri, lýsandi, með eða án sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu.	1.3 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0171
0297	Skotfæri, lýsandi, með eða án sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu.	1.4 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0254
0299	Sprengjur, myndatökublossa-	1.3 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0039
0300	Íkveikjuskotfæri, með eða án sundrara, kasthleðslu eða drifhleðslu.	1.4 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0009
0301	Skotfæri, táraframkallandi, með sundrara, kasthleðslu	1.4 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0018
0303	Skotfæri, reyk-, með eða án sundrara, kasthleðslu	1.4 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0015
0306	Ljósspor fyrir skotfæri	1.4 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0212
0312	Merkjaskothylki	1.4 G	<b>Merkjaskothylki</b> Hlutir hannaðir til að skjóta litblysum eða öðrum merkjum úr merkjablyssum.
0313	Merki, reyk-	1.2 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 00195
0318	Æfingasprengjur, hand- eða riffil-	1.3 G	<b>Æfingasprengjur, hand- eða riffil-</b> Hlutir sem eru hannaðir til þess að vera kastað með handaflí eða varpað með riffli. Hugtakið felur í sér: Æfingasprengjur, hand- eða riffil-.
0319	Rörhvellhetta	1.3 G	<b>Rörhvellhetta</b> Hlutir sem samanstanda af hvellhettu til kveikingar og viðbótarhleðslu af sprengibrunaefni eins og svörtu píðri til að kveikja í drifhleðslu í skothylki t.d. fyrir fallbyssu.
0320	Rörhvellhetta	1.4 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0319
0333	Skoteldar	1.1 G	<b>Skoteldar</b> Flugeldavörur hannaðar til að skemmta.
0334	Skoteldar	1.2 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0333
0335	Skoteldar	1.3 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0333

S.þ. nr.	HEITI og LÝSING	FLOKKUR/ DEILD	ORÐALISTI (skal aðeins notast sem leiðarvísir til upplýsingar)
0336	Skoteldar	1.4 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 00333
0362	Æfingaskotfæri	1.4 G	<b>Æfingaskotfæri</b> Skotfæri án aðalsundrunarhleðslu, sem innihalda sundrara eða kasthleðslu. Yfirleitt innihalda þau einnig kveikibúnað og drifhleðslu.
0363	Prófunarskotfæri	1.4 G	<b>Prófunarskotfæri</b> Skotfæri sem innihalda skoteldaefni, notuð til að prófa nothæfi eða styrk nýrra skotfæra, vopnahluta eða -samsetninga.
0372	Æfingasprengjur, hand- eða ríffil-	1.2 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0318
0373	Merkjagjafi, hand-	1.4 S	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0191
0403	Blys, loft-	1.4 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0092
0418	Blys, yfirborðs-	1.2 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0092
0419	Blys, yfirborðs-	1.1 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0092
0420	Blys, loft-	1.1 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0092
0421	Blys, loft-	1.2 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0092
0424	Skeyti, treg með ljósspori	1.3 G	<b>Skeyti</b> Hlutir s.s. sprengikúlur eða byssukúlur sem skotið er úr fallbyssu eða annars konar stórskotaliðsbyssu, ríffli eða öðru smærri vopni. Þeir geta verið tregir, með eða án ljósspors, eða geta innihaldið sundrara eða kasthleðslu, eða sundrunarhleðslu. Hugtakið felur í sér: Skeyti, treg, með ljósspori, skeyti með sundrara eða kasthleðslu, skeyti með sundrunarhleðslu.
0425	Skeyti, treg með ljósspori	1.4 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0424
0428	Flugeldavörur til tækninota	1.1 G	<b>Flugeldavörur til tækninota</b> Hlutir sem innihalda skoteldaefni til tækninota s.s. varmaframleiðslu, gasframleiðslu, fyrir sjónspil, o.s.frv. Hugtakið tekur ekki til eftirfarandi hluta sem eru skráðir sérstaklega: allra skotfæra, merkjaskothylkja, sprengihöggvara fyrir strengi/kaðla, flugelda, loftblysa, yfirborðsblysa, sleppibúnaðar með sprengiefni, sprengihnoða, handmerkjagjafa, neyðarmerkja, hvellmerkja fyrir járnbrautir, reykmerkja.
0429	Flugeldavörur til tækninota	1.2 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0428
0430	Flugeldavörur til tækninota	1.3 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0428
0431	Flugeldavörur til tækninota	1.4 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0428

UN-S.þ. nr.	HEITI og LÝSING	FLOKKUR/ DEILD	ORÐALISTI (skal aðeins notast sem leiðarvísir til upplýsingar)
<b>0434</b>	Skeyti með sundrara eða kasthleðslu	1.2 G	<b>Skeyti</b> Hlutir s.s. sprengikúlur eða byssukúlur sem skotið er úr fallbyssu eða annars konar stórskotaliðsbyssu, riffli eða öðru smærra vopni. Þeir geta verið tregir, með eða án ljósspors, eða geta innihaldið sundrara eða kasthleðslu eða sundrunarhleðslu. Hugtakið felur í sér: Skeyti, treg, með ljósspori, skeyti með sundrara eða kasthleðslu, skeyti með sundrunarhleðslu.
<b>0435</b>	Skeyti með sundrara eða kasthleðslu	1.4 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0434
<b>0452</b>	Æfingasprengjur, hand- eða riffil-	1.4 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0372
<b>0487</b>	Merki, reyk-	1.3 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0194
<b>0488</b>	Æfingaskotfæri	1.3 G	<b>Æfingaskotfæri</b> Skotfæri án aðalsundrara, sem innihalda sundrara eða kasthleðslu. Yfirleitt innihalda þau einnig kveikibúnað og drifhleðslu. Hugtakið felur ekki í sér eftirfarandi vörur sem eru skráðar sérstaklega: Æfingahandsprengjur
<b>0492</b>	Hvellmerki fyrir jámbrautir	1.3 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0194
<b>0493</b>	Hvellmerki fyrir jámbrautir	1.4 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0194
<b>0503</b>	Öryggispúðauppblásarar eða öryggispúðaeiningar eða sætisbeltastrekkjarar	1.4 G	

S.þ. nr.	HEITI og LÝSING	FLOKKUR/ DEILD	ORÐALISTI (skal aðeins notast sem leiðarvísir til upplýsingar)
<b>S-flokkur</b>			
<b>0110</b>	Æfingasprengjur, hand- eða riffil-	1.4 S	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0318
<b>0193</b>	Hvellmerki fyrir jámbrautir	1.4 S	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0194
<b>0337</b>	Flugeldar	1.4 S	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0334
<b>0345</b>	Skeyti, treg með ljósspori	1.4 S	<b>Skeyti</b> Hlutir s.s. sprengikúlur eða byssukúlur sem skotið er úr fallbyssu eða annars konar stórskotaliðsbyssu, riffli eða öðru smærra vopni. Þeir geta verið tregir, með eða án ljósspors eða geta innihaldið sundrara eða kasthleðslu, eða sundrunarhleðslu.
<b>0376</b>	Rörhvellhetta	1.4 S	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0319
<b>0404</b>	Blys, loft-	1.4 S	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0092

S.þ. nr.	HEITI og LÝSING	FLOKKUR/ DEILD	ORDALISTI (skal aðeins notast sem leiðarvísir til upplýsingar)
<b>0405</b>	Merkjaskothylki	1.4 S	<b>Merkjaskothylki</b> Hlutir hannaðir til að skjóta litblysum eða öðrum merkjum úr merkjabýssum, o.s.frv.
<b>0432</b>	Flugeldavörur til tækninota	1.4 S	

## II. VIÐAUKI

## Hlutir sem krafist er ákvörðunar um hvort þeir teljist flugeldavörur eða sprengiefni

S.þ. nr.	HEITI og LÝSING	FLOKKUR/ DEILD	ORÐALISTI (skal aðeins notast sem leiðarvísir til upplýsingar)
<b>G-flokkur:</b>			
0121	Kveikjur	1.1 G	<b>Kveikjur</b> Hlutir sem innihalda eina eða fleiri tegund sprengiefna sem notaðir eru til að setja af stað sprengibruna í sprengifimri tundurslód. Þá má ræsa efnafræðilega, með rafmagni eða vélrænt.
0314	Kveikjur	1.2 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0121
0315	Kveikjur	1.3 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0121
0316	Kveikibúnaður	1.3 G	
0317	Kveikibúnaður	1.4 G	
0325	Kveikjur	1.4 G	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0121
0353	Hlutir, sprengifimur, ekki tilgreindir annars staðar.	1.4 G	
0454	Kveikjur	1.4 S	Sjá færslu fyrir S.þ. nr. 0121

S.þ. nr.	HEITI og LÝSING	FLOKKUR/ DEILD	ORÐALISTI (skal aðeins notast sem leiðarvísir til upplýsingar)
<b>S-flokkur</b>			
0131	Þráðkveikjarar	1.4 S	<b>Þráðkveikjarar</b> Hlutir af ýmsum gerðum ræstir með núningi, höggi eða rafmagni og notaðir til að kveikja í öryggiskveikiþráðum.
0349	Hlutir, sprengifimur, ekki tilgreindir annars staðar.	1.4 S	
0368	Kveikibúnaður	1.4 S	